

AUGLÝSING

um friðland í Þórsárverum.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Þjórsárver við Hofsjökul og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Lína, sem hugsast dregin frá Eiríksnípu sunnan í Hofsjökli norðaustur í ónefnt jökulsker 1 250 m y. s. norður af Arnarfelli hinu litla. Frá jökulskerinu hugsast dregin lína í öldu 644 m y. s. norðaustur af Þúfuveri. Þaðan suður í öldu 642 m y. s. austur af Þúfuveri, þaðan suðsuðvestur í öldu 634 m y. s. sunnan Þúfuvers, þaðan vestur í öldu 606 m y. s., vestnorðvestur yfir Þjórsá í öldu á Fjórðungssandi 622 m y. s. og þaðan aftur í Eiríksnípu. Línur milli punktanna hugsast beinar og hæðartölur eru samkvæmt uppdrætti Íslands, blöðum 65 og 66, gefnum út af Geodætisk Institut 1954.

Þessar reglur gilda um svæðið:

1. Sérstök nefnd er Náttúruverndarráði til ráðuneytis um málefni friðlandsins. Hún skal þannig skipuð, að Náttúruverndarráð, Landsvirkjun, hreppsnefnd Gnúpverjahrepps, stjórn Afréttarmálefélags Flóa- og Skeiðamanna tilnefna einn mann hver. Þá tilnefnir Ásahreppur einn fyrir sína hönd og Djúpárhrepps. Starfstímabil fulltrúa Náttúruverndarráðs og Landsvirkjunar er hið sama og kjörtímabil ráðsins, en fulltrúa hreppanna hið sama og kjörtímabil þeirra. Náttúruverndarráð skipar formann ráðgjafarnefndar.
2. Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, svo og breytingar á rennsli vatna og vatnsborðshæð, eru óheimilar nema til komi leyfi Náttúruverndarráðs.
3. Óheimilt er að skaða gróður og trufla dýralíf, svo og að hrófla við jarðmyndunum, gæsaréttum og öðrum minjum.
4. Umferð ökutækja er óheimil utan merktra ökuslóða og skal merking háð samþykki ráðgjafarnefndar samkvæmt 1. tölulið. Þó skal heimilt að nota snjóbíla og vélsleða á jökli og einnig á snjó og hjarni þegar gróðri stafar ekki hættu af.
5. Á tímabilinu 1. maí til 10. júní er umferð um varplönd heiðargæsar bönnuð.
6. Ríðandi mönnum er heimil för um svæðið á hefðbundnum leiðum.
7. Flug neðan 3 000 feta hæðar yfir friðlandinu utan jökuls er óheimilt á tímabilinu 10. maí til 10. ágúst.
8. Reglur þessar hagma ekki hefðbundnum rétti bænda til umferðar vegna nytja og leita á svæðinu. Um upprekstur á svæðið fer eftir reglum, sem viðkomandi hreppsnefnd eða stjórnir afréttarmála og Náttúruverndarráðs setja að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar.
9. Notkun skotvopna er óheimil á friðlandinu.

Náttúruverndarráð getur veitt heimild til þess að vikið verði frá reglum þessum í einstökum tilfellum og kveðið nánar á um vernd svæðisins. Með friðlýsingu þessari er engin afstaða tekin til þess hverjir séu eigendur þess lands sem hún tekur til eða eigi þar takmörkuð eignarréttindi.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. að ofan er Landsvirkjun heimilt að veita til Þórisvatns úr upptakavíslum Þjórsár á Sprengisandi og austurþverám hennar, enda verði kappkostað að halda umhverfisáhrifum mannvirkja í lágmarki.

Ennfremur mun Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti veita Landsvirkjun undanþágu frá friðlýsingu þessari til að gera uppistöðulón með stíflu við Norðlingaöldu í allt að 581 m y. s., enda sýni rannsóknir að slík lönsmyndun sé framkvæmanleg án þess að náttúruverndargildi Þjórsárvera rýrni óhæfilega að mati Náttúruverndarráðs. Rannsóknir þessar skulu gerðar á vegum ráðgjafarnefndar samkvæmt 1. tl. Skal nefndin ennfremur fjalla um endanleg mörk

